

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2021, miðvikudaginn 17. febrúar 2021 haldinn 389. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:35.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram afrit af bréfi Skíðaráðs Reykjavíkur dags. 17. janúar til ÍBR vegna seinkunar og forgangsröðunar á uppbyggingu skíðasvæða.
2. Lagt fram bréf Skíðasambands Íslands og Skíðagöngufélagsins Ullar dags. 29. janúar 2021 vegna þjónustu á skíðagöngusvæðinu í Bláfjöllum.
3. Lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins Ullar dags. 8. febrúar 2021 varðandi aðstöðumál í Bláfjöllum.
4. Rætt um gerð nýs þjónustusamnings milli sveitarfélaga um rekstur skíðasvæðanna en samningurinn rennur út í lok árs 2021.
5. Lögð drög að fjárfestingaáætlun 2021-2026. Frestað.
6. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 15. feb. 2021 um stöðuna í fjöllum. Opið hefur verið 7 daga fyrir almenning, 36 daga fyrir gönguskíði og 32 daga fyrir æfingar. Mjög blautt er á svæðinu og beðið eftir að vatn sjatni svo hægt sé að opna.

Fundi slitið kl. 10:05.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltsted
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Björg Fenger